

1871.

28. nóvbr.

Þykkvabæjar klausturs hefir skýrt frá, að landsetinn, sem var á hálfum Norðurfossi, sem er klausturjörð, Ásgeir Eyjólfsson, hafi skorazt undan, þá er hann fór frá jörðunni, að skila með henni kúgildi, eins og hann hefir átt að skuldbinda sig til í byggingarbræfi 13. júní 1844; segist hann hvorki hafa tekið við þessu kúgildi, eða nokkurn tíma skrifað undir byggingarbréfið, en játar, að sèr hafi verið fengnar 4 ær, sem eru samsvarandi $\frac{2}{3}$ þörtum eins kúgildis. Jafnframt þessu hafið þær, herra stiptamtmaður, stungið uppá, að sætzt verði á málið þannig, að tekið verði við því boði hlutaðeiganda, að láta af hendi $4\frac{1}{2}$ á eða $\frac{3}{4}$ parta af kúgildi, með því líkindi eru til, eptir vitnisburði hlutaðeiganda hreppstjóra, sem var við úttektina svo sem hreppstjóri, þá er jörðin var fengin Ásgeiri Eyjólfssyni, og annars manns, að Ásgeir hafi ekki tekið við tæðu kúgildi, og að auki hefir smjörleigan ávallt verið goldin eptir $\frac{3}{4}$ parta af kúgildi, eins og af hinum helmingi jarðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem fram er komið, hefir ekki neitt á móti því, að gjört verði út um þetta mál eins og þær hafið stungið uppá.

102. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

28. nóvbr.

Með bræfi 15. septbr. þ. á. hafið þær, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um garð, sem leiguliðinn á $\frac{1}{2}$ Staðarholti, er heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, hefir hlaðið upp um túnið þar, 227 faðma á lengd, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns mælt með því, að leiguliða þessum, Páli Ingimundarsyni, verði gefin upp eins árs landskuld og leiga, svo sem þóknun fyrir jarðabætur þær, sem hann með þessu móti hefir gjört.

1871.

28. nóvbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að eins árs landskuld og leiga verði gefin leiguliðanum upp, eins og þér hafið stungið uppá.

28. nóvbr.

103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.

Með bréfi, dagsettu 7. septbrm. p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um tjón það, sem jarðirnar Rofabær, Nýibær, Eystri-Lyngar og Krókur eða Syðri-Fljót hafa bedið af sandfoki, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns farið þess á leit, að leiguliðunum á tæðum jörðum verði veitt sú linun í jarðarafgjaldinu, sem hér skal greind:

1. Landsetunum á Rofabæ, Einari Einarssyni og Ólafi Ólafssyni veitist hvorjum um sig linun um 6 áln., samtals 12 áln., um 2 ár, talin eins og landskuldin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

2. Landsetanum á Nýjabæ, Sverri Magnússyni, linun um 20 áln., um 2 ár, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sé talin 8 sk. virði, en af hinum hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

3. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, linun um 20 áln., sömuleiðis um 2 ár, þannig að hver alin af öðrum helmingnum sé talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða.

4. Landsetanum á Króki, Þórunni Jónsdóttur, veitist 18 áln. linun í eitt skipti fyrir öll, og talin eins og linun sú, sem er veitt Ólafi Sveinssyni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að tæðum leiguliðum sé veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu, sem stungið hefir verið uppá.